



2. útgáfa 16.08.2016

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:

Blýlaust bensín

Vörunúmer:

-

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun

Eldsneyti á stimpilmótora með rafkveikju.

Notkun sem ráðið er frá

Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.

1.3 Söluaðili:

N1

Framleiðandi:

Statoil ASA

Dalvegur 10-14

Forusbeen 50

201 Kópavogur

N-4035, Stavanger, Noregi

Sími:

440 1000

00-47-51-99-00-00

Netfang:

n1@n1.is

chem@statoil.com

Veffang:

www.n1.is

www.statoil.com

1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H224	Afar eldfimur vökvi og gufa	Eldf.vökvi 1
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	Eit. v. ásvelg. 1
H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3
H340	Getur valdið erfðagöllum	Stökkbr.1B
H350	Getur valdið krabbameini	Krabb.1B
H361fd	Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi . Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði.	Eit.á æxlun 2
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv. eit. á vatn. 2

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörunarorð

HÆTTA

Hættusetningar

H224	Afar eldfimur vökvi og gufa
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H340	Getur valdið erfðagöllum
H350	Getur valdið krabbameini
H361fd	Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi . Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði.
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Varnaðarsetningar	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
	P201	Aflið sérstakra leiðbeininga fyrir notkun.
	P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. — Reykingar bannaðar.
	P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/aughlífvar/andlitshlífvar.
	P301+P310	EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.
P403+P233	Geymist á vel-loftræstum stað. Umbúðir skulu vera vel luktar.	
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.	
Inniheldur	Bensín.	

2.3 Aðrar hættur:

PBT/vPvB:	Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB. (PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).
Sjá einnig 11. og 15. lið.	

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Bensín			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119471335-39-0011	Innihald %	85 - 100
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	F+, Xi, Xn, N, Carc.Cat.1, Muta.Cat.1, Repr.Cat.3
EINECS, ELINECS	289-220-8	H-setningar	H12, H38, H45, H46, H51/53, H62, H65, H67
CAS	86290-81-5	Flokkun, hættumerking	Afar eldfimt, Ertandi, Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu,
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 1 - H224 , Eit.v.ásvelg.1 - H304 , Húðert.2 - H315 , SEM-VES 3 - H336 , Stökkbr.1 - H340 , Krabb.1B - H350 , Eit.á æxlun 2 - H361fd , Langv.eit.á vatn.2 - H411			

Tertbútýlmetýl eter			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119452786-27-0059	Innihald %	0 - 15
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	F, Xi
EINECS, ELINECS	216-653-1	H-setningar	H11, H38
CAS	1634-04-4	Flokkun, hættumerking	Mjög eldfimt, Ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 2 - H225 , Húðert.2 - H315			

Tólúen			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	11
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	F, Xi, Xn
EINECS, ELINECS	203-625-9	H-setningar	H11, H38, H66, H48/20, H63, H65, H67
CAS	108-88-3	Flokkun, hættumerking	Mjög eldfimt, Ertandi, Hættulegt heilsu
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 2 - H225 , Eit.v.ásvelg. 1 - H304 , Húðert. 2 - H315 , SEM-VES 3 - H336 , SEM-EV 2 - H373 , Eit.á æxl. 2 - H361fd			

Bensen			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	0 - 5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	T, F, Xi, N, Carc.Cat.1, Muta.2
EINECS, ELINECS	200-753-7	H-setningar	H11, H36/38, H45, H46, H48/23/24/25
CAS	71-43-2	Flokkun, hættumerking	Eitrað, Mjög eldfimt, Ertandi, Hættulegt umhverfinu
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 2 - H225 , Eit.v.ásvelg. 1 - H304 , Húðert. 2 - H315 , Augnert.2 - H319 , Stökkbr.1B - H340 , Krabb.1A - H350 , SEM-EV 1 - H372			

N-hexan			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	>3
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	F, N, Xi, Xn Repr.Cat. 3
EINECS, ELINECS	203-777-6	H-setningar	H11, H38, H48/20, H51/53, H62, H65, H67
CAS	110-54-3	Flokkun, hættumerking	Mjög eldfimt, Ertandi, Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu,
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 2 - H225 , Eit.v.ásvelg.1 - H304 , Húðert.2 - H315 , SEM-VES 3 - H336 , Eit.á æxl.2 - H361f , SEM-EV -2 - H373 , Langv.eit.á vatn 2 - H411			

Annað:

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni. Þjálfað starfslið gefi súrefni, ef nauðsyn krefur. Sýnið öryggisblaðið.
Innöndun	Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Veitið öndunaraðstoð, reynist það nauðsynlegt. Leitið lækni hverfi óþægindi ekki fljótlega.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótlega.
Snerting við augu	Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15. mín. og haldið augum vel opnum. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótlega. Fjarlægið augnlinsur fyrir skulun.
Inntaka	Gefið strax 1-2 mjólkur- eða vatnsglös að drekka, sé hinn slasaði með fullri meðvitund. Framkallið EKKI uppköst. Kasti hinn slasaði upp, haldið höfði lágt þannig að efnið berist ekki í lungu. Leitið strax lækni.
Bruni	Skolið með vatni þar til dregur úr verkjum. Fjarlægið fatnað sem ekki er fastur við húð. Leitið lækni eða bráðamóttöku. Haldið áfram skulun þar til hinn slasaði kemst undir læknishendur.
Til hjálparliða	Gætið ávallt að eigin öryggi þegar um er að ræða váhrif af völdum efnavara. Notið persónuhlífar. Hreinsið húð þegar hjálparstarfi er lokið.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Hættulegt við innöndun. Getur reynst banvænt við ásvellingu í lungu. Getur valdið krabbameini. Getur valdið erfðagöllum. Ertir húð, getur valdið roða. Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif. Grunað um að geta skaðað æxlunarfæri og fóstur. Langvinn snerting við húð eða innöndun getur skaðað miðtaugakerfi. Gefur frá sér lífrænar leysiefnagufur, sem geta valdið sljóleika og svima. Getur valdið höfuðverk og eitrunareinkennum í háum styrk. Sjá lið 11, m.a. um hugsanlega fósturskaða. Varan myndar gufur lífrænna leysiefna sem geta valdið sljóleika og svima. Sé styrkur mjög, hár, getur það valdið höfuðverk og eitrunareinkennum.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Gefið súrefni sé um öndunarferfiðleika að ræða. Haldið hinum slasaða heitum. Gætið þess að hjálparliðar hafi upplýsingar um eðli eitrunar og geti gert nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Adrenalin og skyld lyf geta valdið hjartsláttartruflunum hjá fólki sem komist hefur í snertingu við háan styrk lífrænna leysiefna (í lokuðum rýmum og þar sem loftræsting er ófullnægjandi). Meta skal hvort beita skuli öðrum deyfilyfjum sem hafa minni áhrif á hjartslátt. Fylgist með hugsanlegri óreglu á hjartslætti hins slasaða.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Froða, slökkviduft, vatnsúði, kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli, getur orsakað slettur og dreift eldi.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast reykur, kolefnisoxíð, hálfbrunnin vetniskolefni, og eitradar og daunillar gufur og niðurbrotsefni.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægið eld- og neistagjafa sé það unnt. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafragnni, notið neista- og sprengivarin áhöld. Notið viðeigandi persónuhlífar, sér í lagi hanska. Vinnið vindmegin við mengað svæði. Mælt er með notkun efnahelds hlífðarfatnaðar (t.d. skv. EN-368-2).

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu sé það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Vara flýtur á vatnsyfirborði.
Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Fjarlægið alla eld- og neistagjafa. Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Notið neistavarin áhöld. Gangið ekki í losuðu efni. Takmarkið gufumyndun með kvoðu.
Athugið að vatnsúði getur dregið úr gufumyndun en ekki komið í veg fyrir tendrun.
Notið ísogsefni svo sem sand eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Geymið fjarri háu hitastigi og eld- og neistagjöfum. Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafragnni. Notið neista- og sprengivarin áhöld.
Notið ekki raftæki sem mynda neista á vinnusvæði. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Tryggið skýrar merkingar á vinnusvæði.

Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt eða farið á salerni. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar. Tryggið aðgang að rennandi vatni og augnskoli á vinnusvæði.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið fjarri, beinu sólarljósi, háu hitastigi, eld- og neistagjöfum.
Geymið fjarri matvælum, dýrafóðri og leikföngum barna.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Eldsneyti.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Vísað er til laga og reglugerða um mengun og loftgæði á vinnustöðum.
Gera ætti mengunarmælingar á vinnustað til að tryggja að styrkur mengandi efna sé innan viðmiðunarmarka.

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15 mín ppm	Þakgildi 15 mín mg/m ³	Athugasemdir
Tólúen	25	94	-	-	Ísog gegnum húð
N-hexan	20	72	-	-	Skaðar fóstur
Tertbútýlmetýl eter	50	183,5	100	367	
Bensen	1	3	-	-	Krabbameinsvaldur

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Reykið ekki. Tryggið aðgang að sturtu og augnskoli á vinnustað.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Húð - hendur

Húð - annað

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166).

Notið viðeigandi, efnaþolna hlífðarhanska t.d. úr nitrílgúmmíi. (EN 374).

Gegnstreymistími: >8 klst. Skiptið oft um hanska við vinnu með vöruna.

Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar (EN 13034).

Öndunarfæri	Sé loftræsting ófullnægjandi, eða fari styrkur yfir við miðunarmörk, notið viðurkennda öndunargrímu með síu ætlaða lífrænum gufum (gerð A/AX).(EN 136 -140 - 145).
Umhverfi	Við mjög háan styrk gufu ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað. Tryggið að losun sé innan leyfðra marka.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Væg amínlykt
Litur:	Glær, litlaus
Bræðslumark:	-60°C
Suðumark:	31,3-191,6°C
Blossamark:	-40°C
Eldfimi:	Afar eldfimt
Sjálfendrunarmörk í lofti:	280-470°C
Neðri tendrunarmörk:	1,4%
Efri tendrunarmörk:	7,3%
Gufuprýstingur:	4-240 (kPa 37,8°C)
Eðlismassi (15°C):	0,62-0,88 g/cm ³
Leysni í vatni:	Óleysanlegt
Seigja:	<1 mm ² /s (37,8°C)
Sprengifimi	Varan er ekki sprengifim, en getur myndað sprengifimar blöndur með lofti.
Oxandi eiginleikar	Varan er ekki oxandi.

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Hvarfast við sterka oxara/afoxara.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður og skv. leiðbeiningum framleiðanda

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Ekki vænst.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, eld- og neistagjafar, forðist uppsöfnun gufu.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar og afoxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna og niðurbrot geta myndast reykur, kolefnisoxíð og eittraðar og daunillar gufur. Gufa er þyngri en andrúmsloft og getur borist með gólfi eða jörð að íkveikjuvaldi.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturrhif:

Bensín (CAS 86290-81-5)					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta (OECD 401)	Efnið er ekki flokkunarskylt
Bráð eiturrhif, ísog um húð	LD ₅₀	>2000	mg/kg	kanína (OECD 402)	Efnið er ekki flokkunarskylt
Bráð eiturrhif, innöndun	LC ₅₀	>5610	mg/L 4klst	rotta (OECD 403)	Efnið er ekki flokkunarskylt
Húðæting/erting		Ertandi (kanína)		OECD 404	
Alvarlegur augnskaði		Ertandi (kanína)		OECD 405	
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt (hamstur)		OECD 406	Efnið er ekki flokkunarskylt
Stökkbreytingar kímfruma		Getur valdið erfðagöllum			Rannsóknaniðurstöður liggja ekki fyrir
Krabbamein		Getur valdið krabbameini			
Eitrun æxlunarfæra		Grunað um að geta haft áhrif á frjósemi og valdið fösturskaða.			
Sértæk eiturrhif á markklíffæri (eitt skipti)		Efnið myndar gufu lífrænna leysiefna, sem geta valdið sljóleika og svima. Við háan styrk höfuðverk og eitrunareinkennum. Innöndun gufu getur valdið ertingu í efri hluta öndunarvegjar.			
Sértæk eiturrhif á markklíffæri (endurtekin)		3750	mg/kg/dag	NOAEL, OECD 410	Efnið er ekki flokkunarskylt
Ásvelgingarhætta		Getur valdið lungnabólgu við inntöku eða uppköst.			Rannsóknaniðurstöður liggja ekki fyrir

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Bensín (CAS 86290-81-5)					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LL ₅₀	8,2 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EL ₅₀	4,5 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EC ₅₀	3,1 mg/l	72 klst	Þörungar	
Langvinn eiturhrif		2,6 mg/l		Fiskar	
Langvinn eiturhrif	NOEC	2,6 mg/l	21 d	Daphnia	
Þrávirkni og niðurbrot		Brotnar hratt niður			
Uppsöfnun í lífverum	Rannsóknaniðurstöður liggja ekki fyrir				
Dreifanleiki í jarðvegi	Lítill dreifanleiki í jarðvegi og setlögum.				
Mat á PBT / vPvB	Flokkast ekki sem slíkt				

Tertbútylmetýl eter					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	EC ₅₀	100-1000 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	EC ₅₀	2300 mg/l	72 klst	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		Brotnar treglega niður			

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:

13 07 02 (bensín)

15 02 02 (iseyg efni, síunarefni (þ.m.t. olíusíur sem ekki eru tilgreindar með öðrum hætti), þurrkur, og hlífðarfatnaður sem eru menguð með hættulegum efnum)

Óhreinir umbúðir Óhreinir umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Fylgið leiðbeiningum sé ætlunin að hreinsa og endurnýta umbúðir. Athugið að tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar. Óhreinsaðar umbúðir má alls ekki skera, slípa, lóða, sjóða eða gera nokkuð sem gæti myndað neista og þar með tendrun eða sprengingu, og valdið slysa-hættu.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

UN Númer 1203
Efnisheiti v. flutninga: GASOLINE
Hættuflokkur: 3
Hættuundirflokkur: 33
Pökkunarflokkur: II
Mengunarhætta: Já (umbúðir >5 l)
Takmörkun v. Jarðganga: D/E

Varúðarmerking



IATA:

UN Númer 1203
Efnisheiti v. flutninga: GASOLINE
Hættuflokkur: 3
Pökkunarflokkur: II



IMDG:

UN Númer 1203
Efnisheiti v. flutninga: GASOLINE
Hættuflokkur: 3
Pökkunarflokkur: II
EMS: -
Sjávarmengandi: Já (umbúðir >5 l, merkt sem MP (Marine pollutant))



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP).
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).
EB reglugerð 96/82/EC (Seveso tilskipun).

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur farið fram á eftirfarandi: Bensín (289-220-8/86290-81-5)

16. Aðrar upplýsingar

Tryggið þekkingu starfsmanna á innihaldi þessa öryggisblaðs.

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H224	Afar eldfimur vökvi og gufa
H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H340	Getur valdið erfðagöllum
H350	Getur valdið krabbameini
H361d	Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði
H361f	Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi
H361fd	Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi. Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði.
H372	Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif
H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif
H411	Eitrað lífi í vatni með langvinnum áhrifum

Útgáfa: 2
Dags: 16.08.2016

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **STATOIL**
SIKKERHETS DATABLAD
BLYFRI BENSIN

Útgáfa: 01.06.2016
Kemur í stað: 12.08.2014